

# Samfélagsskýrsla N1

Þjónusta - Forysta - Gæði





# Efnisyfirlit

1. Ávarp framkvæmdastjóra .....	1
2. Stefna og starfsemi N1 .....	4
3. Sjálfbær þróun og samfélagsábyrgð .....	7
4. N1 og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna .....	10
5. N1 og umhverfið .....	12
6. Jöfn tækifæri .....	17
7. N1 í samfélaginu .....	23
8. 60 milljónir til samfélagsmála .....	26
9. Stjórn og stjórnarhættir .....	29
10. Svo lærir sem lifir .....	33
11. N1 og Heimsmarkmiðin .....	36
12. UFS yfirlitstafla .....	41
13. Hugtakanotkun .....	55
14. Tímalína .....	57



# Ávarp framkvæmdastjóra





Samfélagsleg ábyrgð skiptir okkur hjá N1 miklu máli. Við höfum unnið að því að auka samfélagslega ábyrgð í aðfangakeðjunni með margvíslegum hætti á undanförunum árum. Það er sjálfsgætt hluti af samfélagslegri ábyrgð okkar að umhverfið beri ekki skaða af starfseminni en auk þess að vera leiðandi í þjónustu hefur N1 verið leiðandi í umhverfisvænum lausnum á eldsneytismarkaði með sölu á metani og rafmagni. Það er áskorun að finna og bjóða upp á umhverfisvænni valmöguleika í margbreytilegu vöruúrvali N1 og að þjóna með þeim hætti þörfum viðskiptavina ekki síður en umhverfisins.

Í stefnumótun á árinu var framtíðin mótuð og var nýsköpun viðskiptamóðela fyrirferðarmikil. N1 ætlar að vera leiðandi fyrirtæki í orkuskiptum á Íslandi og halda áfram að styrkja dreifikerfi þjónustustöðva um allt land. Á síðasta ári keypti Festi 15% hlut í Íslenskri orkumiðlun og er N1 skilgreint sem orkusali samstæðunnar. Í lok árs festi N1 síðan kaup á rafhleðslufyrirtækinu Hlöðu sem hefur verið leiðandi í sölu á hleðslustöðvum og hleðslubúnaði á Íslandi fyrir rafbíla. Hlaða mun auðvelda N1 að koma sér betur í samband við rafbílaeigendur og opna möguleika á að veita þeim þjónustu með búnaði og raforkusölu. Rafbílaeigendur eru nýr og ört vaxandi markhópur og ný stefna færir N1 skrefi nær heimilum í

landinu með góða þjónustu og framtíðarsýn að leiðarljósi. Þá er N1 í samstarfi við Orku náttúrunnar á 11 stöðum um landið og hefur verið leiðandi í að loka hringnum fyrir rafbílaeigendur.

Megináhersla er lögð á umhverfismál, ábyrga stjórnarhætti og jafnréttismál og hefur fyrirtækið náð góðum árangri á þeim sviðum og þróað ýmis samfélagslega mikilvæg verkefni á síðustu árum sem tengjast áherslum þess. Góður árangur fyrirtækisins speglast í ánægðum viðskiptavinum og starfsmönnum.

Starfsmenn sýna umhverfinu virðingu og leitast við að bjóða umhverfisvænar vörur og þjónustu.

”

Við erum mjög spennt fyrir framtíðinni og höfum þegar varðað leiðina, við ætlum að vera leiðandi í orkuskiptum á Íslandi. Staðsetningar okkar eru um allt land og við ætlum að styrkja dreifikerfi þjónustustöðva okkar enn frekar. Með kaupum á IOM og Hlöðu er stigið skref í þá átt að bjóða viðskiptavinum N1, bæði einstaklingum og fyrirtækjum, umhverfisvænni valkost en jarðefnaeldsneyti.

*Hinrik Örn Bjarnason, framkvæmdastjóri N1*





Félagið og allir starfsmenn þess leggja sig fram um að valda sem minnstum skaða á umhverfinu með starfseminni og fylgja viðurkenndum umhverfis-, gæða-, öryggis- og heilsufarsstöðlum. Framsýni, þolinmæði og hugmyndaauðgi hafa leitt til fjölmargra athyglisverðra verkefna á sviði samfélagsábyrgðar.

Við erum að hefja vinnu við innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og ætlum þannig að taka þátt í þeirri vegferð sem ríkisstjórn Íslands markaði í júní 2018 með því að forgangsraða 65 af 169 undirmarkmiðum Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna við innleiðingu þeirra á Íslandi. N1 tekur mið af markmiðum ríkisstjórnarinnar og mótar sín eigin undirmarkmið sem hæfa starfseminni.

Átján þjónustustöðvar N1 hafa hlotið vottun samkvæmt alþjóðlega umhverfisstjórnunarstaðlinum ISO 14001 frá Vottun hf.

Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á vegum N1 á árinu 2019 voru 574,5 tCO<sub>2</sub> ígildi. N1 hefur undanfarin ár einbeitt sér af síauknum krafti að umhverfismálum, þannig hefur notkun á bílum N1 verið kolefnisjafnað með samningi Festi við Kolvið.

Heildarorkunotkun N1 var 14.322.226,4 kWst á árinu 2019. Þar af var orka frá lífoldsneyti 2.921,1 kWst og orka frá jarðefnaeldsneyti 696.894,3, þar af orka frá rafmagni 6.245.492 kWst og orka frá heitu vatni 7.376.919. Hlutfall endurnýjanlegrar raforku hjá félaginu er 95,1% og hlutfall jarðefnaeldsneytis 4,9%.

Við vinnum markvisst að því að efla og bæta þjónustu- og vöruframboð og vera vakandi fyrir tækifærum og nýjungum. Félagið leggur mikla áherslu á þjálfun og símenntun starfsfólks. Nútímatækni við vörustjórnun er nýtt til hins ýtrasta til að einfalda hlutina og auka hagkvæmni og öryggi.





# Stefna og starfsemi N1







**N1 er eitt stærsta verslunar- og þjónustufyrirtæki hérlandis og þjónar fólki og fyrirtækjum með rekstri á yfir hundrað stöðum hringinn í kringum landið.**

Félagið rekur 27 þjónustustöðvar með veitingar og smávörur fyrir fólk á ferðinni um land allt. Nesti er vörumerkið sem er notað fyrir þessar þjónustustöðvar og stendur það fyrir gott vöruúrval, ásamt ferskleika og gæðum í vörum og þjónustu. Á Nesti er hægt að nálgast hollari valkosti í mat og drykk, skyndibita, veitingar og kaffi. Stöðugt er unnið að umbótum til að gera þjónustustöðvarnar meira aðlaðandi fyrir fólk á ferðinni og sem fyrsta valkost í stoppi og eru 18 þeirra vottaðar samkvæmt umhverfisstjórnunarstaðlinum ISO 14001. Mikil áhersla er lögð á veita ferðamönnum á landsbyggðinni góða þjónustu ásamt hnitmiðuðu vöruúrvali.

N1 rekur 68 sjálfsafgreiðslustöðvar um allt land. Á árinu var ný sjálfsafgreiðslustöð opnuð í Lindum Kópavogi og er hún frábrugðin öðrum sjálfsafgreiðslustöðvum N1 þar sem áhersla er lögð á lágt verð óháð afsláttum og á árinu 2020 verða þar opnaðar rafhleðslustöðvar.

Við kaup N1 á Hlöðu, verður enn aukið við framboð á rafhleðslustöðvum fyrir viðskiptavinum, en N1 býður upp á rafhleðslur fyrir rafbílum í samvinnu við ON á ellefu þjónustustöðvum sínum og hjá umboðsmönnum víðsvegar um landið. N1 hefur selt bifreiðaeigendum metan frá árinu 2000 á þjónustustöðinni að Bíldshöfða 2.



## 2 Stefna og starfsemi N1

N1 rekur 11 smur- og dekkjaverkstæði og þjónustar þar bæði fyrirtæki og einstaklinga. Hjólbarðaverkstæðin eru öll vottuð Michelin Quality Dealers. Slíka vottun hljóta eingöngu hjólbarðaverkstæði sem uppfylla ströngustu gæðakröfur Michelin, stærsta hjólbarðaframleiðanda í heimi.

Fyrirtækið rekur samtals sex verslanir um land allt sem þjónusta jafnt fyrirtæki sem einstaklinga. Vöruúrvalið er hnitmiðað en þar geta viðskiptavinir N1 m.a. keypt smurefni, efnavörur, rekstrarvörur og vinnufatnað.

Auk þessa er þjónustuver N1 alltaf til taks fyrir kortaþjónustu, sölu og móttöku pantana ásamt upplýsingagjöf.

Fyrirtækjaþjónusta N1 sér innlendum og erlendum viðskiptavinum fyrir eldsneyti, smurefni, rekstrarvöru og vinnufatnaði og sinnir annarri þjónustu af ýmsu tagi. Selt er beint til fyrirtækja og í sérstökum verslunum um land allt.

N1 þjónar íslenskum sjávarútvegi með þéttu neti afgreiðslustaða um allt land. Félagið hefur alla tíð lagt metnað í að veita smábátaeigendum góða þjónustu og geta þeir nú tekið eldsneyti á 52 höfnum víðsvegar um landið. Slíkt þjónustunet er einsdæmi á Íslandi og eykur öryggi smábátaeigenda til muna. N1 selur auk þess þotueldsneyti og flugvélabensín á Keflavíkur- og Reykjavíkurflugvelli.

Gildi N1 eru virðing, einfaldleiki og kraftur.

”

Áherslur N1 á þessu ári hafa beinst að uppbyggingu þjónustumiðaðrar dagvöruverslunar að erlendri fyrirmynd. Aukið framboð er á hollari fæðu og skyndibita þar sem miklar breytingar hafa átt sér stað í neysluhegðun viðskiptavina N1. Við merkjum það í aukningu á sölu heilsuvara. Við höfum lagt áherslu á að fjölga valkostum í hollari matseðli og skyndibita.“

*Jón Viðar Stefánsson, rekstrarstjóri þjónustustöðva N1*



# Sjálfbær þróun og samfélagsábyrgð





Það er stefna N1 að vera í forystu til framtíðar og er samfélagsleg ábyrgð hluti af stefnunni. Unnið hefur verið að því að auka samfélagsábyrgð í aðfangakeðjum N1 með margvíslegum hætti og byggja hana upp innan allra deilda.

N1 er eitt þeirra 104 fyrirtækja sem undirrituðu loftslagsmarkmið FESTU og Reykjavíkurborgar í nóvember 2015 og taka markmið N1 meðal annars mið af þeirri undirritun sem og þeim stefnum sem fyrir voru hjá N1. N1 hefur verið virkur þátttakandi í FESTU, miðstöð um samfélagsábyrgð síðan í desember 2013.

Samfélagsleg ábyrgð er virkur grunnur í rekstri N1 og eru stjórnendur og starfsmenn staðráðnir í að gera sífellt betur og vinna stöðugt að framförum, bæði með markvissum breytingum í rekstrinum og hvetjandi stuðningi úti í samfélaginu. Markmið N1 á komandi misserum endurspeglast í þeirri grunnhugsun að gera betur ár frá ári og verður

nánar greint frá þeim í þessari skýrslu. N1 hefur ákveðið að velja 6 af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem snerta starfsemi félagsins mest til þess að auka enn frekar áherslur sínar á ábyrga viðskiptahætti og umhverfis- og loftslagsmál. N1 valdi Heimsmarkmið 3, 5, 9, 10, 12 og 13 til þess að stefna að og innleiða í starfsemina og verður unnið að ýmsum verkefnum þeim tengdum. Markmiðin byggja meðal annars á þeim áföngum sem N1 hefur náð í gegnum tíðina og framtíðaráætlunum félagsins.

N1 fékk sérstök verðlaun Creditinfo fyrir samfélagsábyrgð fyrirtækisins árið 2018. Á sama tíma fékk N1 viðurkenningu Creditinfo





sem framúrskarandi fyrirtæki. Verðlaunin voru veitt því fyrirtæki sem þótti framúrskarandi í samfélagsábyrgð og hefur markað sér skýra stefnu og markmið í þessum málaflokk.

Eitt af markmiðum ársins 2019 var að hætta móttöku reikninga í pappírformi á árinu. Viðskiptavinir hafa verið hvattir til að koma í rafræn viðskipti og hætt var útsendingu reikninga í pappírformi frá N1 til einstaklinga, nema eftir því sé sérstaklega óskað. Einnig hefur viðskiptavinum verið beint á rafrænar reikningsleiðir þar sem það er mögulegt.

N1 skrifaði undir Jafnréttissáttmála UN WOMEN árið 2011 en í honum felst að stuðla að aukinni þátttöku og tækifærum kvenna til að draga úr fátækt og auka jöfnun kynja. Hinn 19. júní 2015 var N1 fyrst olúfélaga á Íslandi til að fá Jafnlaunavottun VR, N1 fékk svo í kjölfarið jafnlaunavottun í samræmi við staðalinn ÍST 85:2012.

### 3.1. Loftslagsyfirlýsing

Hinn 16. nóvember 2015 undirritaði N1 yfirlýsingu um loftslagsmál í Höfða ásamt forsvarsmönnum 103 fyrirtækja og stofnana og skuldbatt sig til að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda og minnka úrgang í starfseminni.

Loftslagsmarkmið N1 eru:

- › Kolefnisjafna notkun eigin bíla
- › Minnka myndun úrgangs
- › Draga úr óflokkuðum úrgangi um 2% á ári til ársins 2020
- › Að 90% sorps frá N1 verði flokkað árið 2030
- › Upplýsingar um árangur og aðgerðir

Árin 2015-2017 var uppgjorið með hætti GRI G4 Core en 2018 var Festi í heild sinni gert upp með UFS viðmiðum. Árið í ár er fyrsta UFS uppgjör N1.





# N1 og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

DRÖG AF KOFFI YLJAR ÞÉR  
AD INNA EINS OG GÓÐUR VINUR

100 ml	200 ml	300 ml
100 ml	200 ml	300 ml
100 ml	200 ml	300 ml
100 ml	200 ml	300 ml
100 ml	200 ml	300 ml
100 ml	200 ml	300 ml





#### 4 N1 og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Starfsemi N1 er umfangsmikil og í krafti stærðar sinnar getur fyrirtækið haft áhrif til góðs. Þess vegna leita starfsmenn og stjórnendur sífellt leiða til að sýna samfélagslega ábyrgð í verki.

Leiðtogar ríkja heims samþykktu árið 2015 á vettvangi Sameinuðu þjóðanna 17 markmið sem stefnt er að ná fyrir árið 2030. N1 hefur ákveðið að velja þau sex Heimsmarkmiðanna sem snerta starfsemi félagsins mest til þess að auka enn frekar áherslur sínar á ábyrga viðskiptahætti og umhverfis- og loftslagsmál.

N1 hefur ákveðið að styðja við eftirfarandi Heimsmarkmið til að vinna að á næstu misserum.





# N1 og umhverfið







N1 hefur með ýmsum hætti dregið úr umhverfisspori sínu meðal annars með markvissri flokkun úrgangs ásamt ýmsum aðgerðum tengdum kjarnastarfsemi. Leitast er við að bjóða umhverfisvænni vörur og þjónustu, ásamt því að valda umhverfinu sem minnstum skaða með starfsemi félagsins. Plastpokum var skipt út fyrir maíspoka árið 2015, 18 þjónustustöðvar uppfylla alþjóðlega umhverfisstaðalinn ISO 14001 og akstur er kolefnisjafnaður.

### 5.1. Gróðurhúsalofttegundir og kolefnisjöfnun

Losun gróðurhúsalofttegunda er veigamikill áhrifaþáttur loftslagsbreytinga og á heilbrigði umhverfis á heimsvísu. Það er mælt með því að fylgjast með raunverulegri eða áætlaðri losun út í andrúmsloftið sem verður til vegna beinnar eða óbeinnar orkunotkunar fyrirtækisins. Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á vegum N1 á árinu 2019 voru 574,5 tCO<sub>2</sub> ígildi. N1 hefur undanfarin ár einbeitt sér af síauknum krafti að umhverfismálum, þannig hefur notkun á bílum N1 verið kolefnisjafnað með samningi við Kolvið. N1 kolefnisjafnaði vegna Umfangs 1 fyrir árið 2018 í gegnum Festi hf. Mótvægisáðgerðirnar fela í

sér kolefnisjöfnun með gróðursetningu á trjám í gegnum Kolvið en koma ekki fram í uppgjöri N1.

Umfang 1 inniheldur losun sem til fellur vegna eigin starfsemi fyrirtækis. Losun af þessu tagi telst til beinna áhrifa af starfsemi fyrirtækja.

Samtals var eldsneytisnotkun hjá N1 70.853 lítrar.

Eldsneytisnotkun 2019	Lítrar
Metan	266
Bensín	16.253
Dísilolía	54.286



N1 styður við Heimsmarkmið 9, 12 og 13 í umhverfismálum.



## 5.2. Við flokkum sorpið

Markmið N1 er að 90% af sorpi sem til fellur hjá félaginu verði flokkað árið 2030. Fyrirtækið færir hægt en örugglega áleiðis í þá átt. Samtals reiknaðist úrgangur frá starfsemi N1 1.576.712,9 kg á árinu 2019. Þar af var flokkaður úrgangur 1.127.436,9 kg og óflokkaður úrgangur 449.276 kg. Endurunninn úrgangur eða endurheimtur voru 1.045.155 kg og urðaður úrgangur var 531.123,9 kg.

Hlutfall flokkaðs úrgangs var 71,5% og hlutfall endurunnins úrgangs var 66,3%.

## 5.3. Spilliefni

N1 tekur á móti rafhlöðum og rafgeymum á öllum sínum starfsstöðvum og er þeim fargað sem spilliefnum í þar til gerðum spilliefnakörum sem staðsett eru á starfsstöðvum N1. Á árinu safnaði N1 saman 36.385 kg af ýmsum spilliefnum og matarolíu. Þar má nefna ýmsan olíublautan úrgang, rafgeyma, efnavörur og rafhlöður.

## 5.4. Metan

N1 var áður einn af eigendum Metans hf. og tók þátt í uppbyggingu á notkun metans sem eldsneytis hér á landi. Jafnframt hefur N1 komið að þróun metansölu í landinu frá árinu 1999. N1 seldi fyrst allra bensinstöðva metan fyrir að verða 20 árum síðan eða frá árinu 2000. Árið 2008 var svo lögð 10 km löng leiðsla beint frá Álfsnesi að afgreiðslustöð N1 að Bíldshöfða 2 þar sem fyrsta

fullbúna þjónustustöð fyrir metanbíla á Íslandi var opnuð 2008. Opnun stöðvarinnar var liður í aukinni þjónustu við notendur metanbifreiða en N1 er eina félagið sem í dag býður metan sem bifreiðaeldsneyti á almennum markaði. N1 er með nokkurs konar „beint frá bónda þjónustu“ á meðan aðrir þurfa að fylla á gáma og keyra á sínar afgreiðslustöðvar. Áfylling metangáma á Bíldshöfða til að selja á metanafgreiðslustöð N1 á Tinhellu var hætt árið 2013.

Metan, CH<sub>4</sub>, er lofttegund sem m.a. myndast á urðunarstöðum sorps við niðurbrot á lífrænum úrgangi. Hér á landi er metangasi safnað saman á urðunarstað höfuðborgarsvæðisins í Álfsnesi sem blöndu af metani (55%), koldíoxíði (42%) og öðrum lofttegundum (3%). Í dag er metan eina Svansvottaða eldsneytið á Íslandi.

## 5.5. Samstarf við ON

Í samstarfi við ON hafa verið settar upp 11 hraðhleðslustöðvar á N1 þjónustustöðvum víðsvegar um land til að auka þjónustu við rafbílaeigendur og stuðla þannig að auknu ferðafrelsi þeirra. Hraðhleðslustöðvum fjölga nú óðum hringinn í kringum landið. Á N1 í Borgarnesi, Staðarskála, Vík, Kirkjubæjarklaustri, Hvolsvelli, Egilsstöðum, Blönduósi, Sauðárkróki, Ísafirði, Mosfellsbæ og Dalvík eru hraðhleðslustöðvar sem auðveldar rafbílaeigendum að komast leiðar sinnar á umhverfisvænan máta. N1 korthafar fá 10% afslátt af mínútuverði.



## 5.6. Íslensk orkumiðlun

Framtíðin er bæði björt og spennandi og N1 ætlar að vera leiðandi fyrirtæki í orkuskiptum á Íslandi og halda áfram að styrkja dreifikerfi

þjónustustöðva um allt land. Á síðasta ári keypti Festi 15% hlut í Íslenskri orkumiðlun. Félagið er að feta sig inn á nýjar slóðir og með kaupunum á Íslenskri orkumiðlun fær Festi tækifæri til að lækka rafmagnskostnað sinn umtalsvert og





þjóða viðskiptavinum rafmagn á lægra verði en áður hefur þekkst. Kaupin styrkja félagið í þeirri vegferð að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif.

### 5.7. N1 kaupir Hlöðu

Í lok árs festi N1 kaup á rafhleðslufyrirtækinu Hlöðu sem hefur verið leiðandi í sölu á hleðslustöðvum og hleðslubúnaði á Íslandi fyrir

rafbíla. Kaupin eru næsta skref í þróun N1 en eru jafnframt hluti af stefnu fyrirtækisins að vera leiðandi í þróun orkuskipta á Íslandi. Hlaða mun auðvelda N1 að koma sér betur í samband við rafbílaeigendur og auka möguleika á að þjónusta þá með búnað og hugsanlega raforkusölu. Rafbílaeigendur eru nýr og ört vaxandi markhópur og kaupin færa N1 skrefi nær heimilum í landinu með góða þjónustu og framtíðarsýn að leiðarljósi.

### 5.8. Orkey

N1 hefur verið í samstarfi við Orkey, félag í eigu Norðurorku, en það felur í sér að allri steikingarolíu frá starfsstöðvum N1 hefur verið safnað saman og fer hún til Orkeyjar til endurvinnslu. Félagið var stofnað á Akureyri í ársbyrjun 2007 til þess að kanna hvort unnt væri að nýta tækjabúnað fiskimjölsverksmiðjunnar í Krossanesi til að framleiða jurtaolíu úr innfluttum kanólafræjum. Olíuna, 60-80 þúsund tonn á ári, átti að nýta sem eldsneyti í stað svartolíu á fiskiskipaflokkann, en mjólið sem fóður. Framleiðslan er einstök að því leyti að hún nýtir hreina íslenska orku til að breyta úrgangi í eldsneyti. Í ferlinu er úrgangurinn hvarfaður við metanól. Metanólið sem Orkey notar er endurnýjanlegt og er framleitt af Carbon Recycling International. N1 seldi hlut sinn í Orkey á síðasta ári.

### 5.9. Viðgerðaraðstaða fyrir hjólreiðafólk

Fyrsti hjólaviðgerðastandurinn var settur upp hjá N1 árið 2015 en með því braut N1 enn eitt blað

í þjónustu sem stuðlar að breyttum ferðamáta viðskiptavina. N1 býður hjólreiðafólki upp á vöruúrval, aðstöðu og verkfæri til að huga að reiðhjólum sínum og sinna smáviðgerðum á þjónustustöðvum N1 við Fossvog, Skógarsel, í Borgartúni, Mosfellsbæ, á Akureyri og Egilsstöðum.

### 5.10. Minni brennisteinn

N1 hætti í upphafi ársins 2019 sölu á svokallaðri Marine Diesel Oil (MDO) til íslenska skipaflokkans. Umrædd olíutegund hefur verið notuð á stærri skip í stað svartolíu en sá galli hefur verið á MDO að hún inniheldur allt að 0,25% brennistein. Í stað þessarar olíu flytur N1 nú inn og selur til skipaflokkans olíu sem inniheldur aldrei meira en 0,1% af brennisteini. Er þetta dæmi um það hvernig N1 leggur sitt lóð á vogarskálarnar með því að reyna að minnka fótspor af þeim vörum sem fyrirtækið selur.

### 5.11. Orkuvöktun og orkunotkun

Gerð var greining á orkunotkun Festi og allra rekstrarfélaganna, þar á meðal Krónunnar, árið 2018 en í þeirri greiningu var ekki skilið á milli orkunotkunar rekstrarfélaganna. Í ár hófst vinna við að skilgreina orkunotkun hvers félags fyrir sig og aðskilja notkunina að eins miklu leyti og núverandi kerfi leyfa.

Heildarorkunotkun N1 var 14.322.226,4 kWst á árinu 2019. Þar af var orka frá lífildsneyti 2.921,1 kWst og orka frá jarðefnaeldsneyti 696.894,3, þar af orka frá rafmagni 6.245.492 kWst og orka



## 5 N1 og umhverfið

frá heitu vatni 7.376.919. Hlutfall endurnýjanlegrar raforku hjá félaginu er 95,1% og hlutfall jarðefnaeldsneytis 4,9%.

Orkunotun hjá N1 er skráð með skipulögðum hætti til að koma megi betur í veg fyrir orkusóun og til að hægt sé að grípa til aðgerða verði vart við frávik. Upptaka orkuvöktunar hefur haldist í hendur við vottanir þjónustustöðva en unnið verður að því að koma á orkuvöktun í allri starfsemi félagsins um land allt á næstu fjórum árum.

Í skipulögðu orkuvöktuninni er farið á stöðvarnar tvisvar á ári og kerfin, svo sem snjóbræðslu-, aðal-, ofna-, gólfhita- og loftræstikerfi ásamt dyrablásara stillt í samræmi við komandi árstíð. Verið er að skipta út úr sér gengnum ljósgjöfum fyrir LED-ljósgjafa. Slökkt er á loftræstikerfum að næturlagi. Einnig eru flestir kælar á þjónustustöðvum N1 með rúllugardínur, sem eru dregnar niður á nóttunni til að sóa ekki óþarfa orku á lokunartímum.

### Framleitt úr dekkjakurli sem fellur til við sólningu

Framleitt	Stk.	Dekkjakurl notað
Millibobbingalengjur (diam 200)	306	6.579 kg (gúmmíkurl)
Millibobbingalengjur (diam 170)	18	311 kg (gúmmíkurl)
Vinnustaðamottur	198	2.376 kg (gúmmíkurl)
Brennt hjá Elkem		26.100 kg (dekkjakurl)

Orkukræfni starfsmanna var 31.616,4 kWst/stöðugildi og orkukræfni veltu var 375.911,4 kWst/ma.kr.

Losunarkræfni orku var 40,11 kgCO<sub>2</sub>/MWst, losunarkræfni starfsmanna var 1,27 tCO<sub>2</sub>/stöðugildi, losunarkræfni veltu var 15,08 tCO<sub>2</sub>/ma.kr. og losunarkræfni eiginfjár var 42,55 tCO<sub>2</sub>/ma.kr.

### 5.12. Dekkjahótel

Þúsundir dekkja eru geymd á dekkjahótelum N1 en mörg af stærstu fyrirtækjum landsins og fjölmargir einstaklingar notfæra sér þau. Þúsundir viðskiptavina hafa kosið að nýta sérfræðipækkingu starfsmanna N1 til þess að lengja líftíma dekkjanna. Aukin þjónusta við viðskiptavinum N1 gerir þeim lífið einfaldara og eykur einnig líkur á fullkominni nýtingu hjólarða. Þannig þurfa viðskiptavinir ekki að huga að því hvernig þeir farga dekkjum heldur sjá starfsmenn N1 um það. Á árinu kom N1 tæplega 693.000 kg af ónothæfum hjólbörðum til viðeigandi förgunaraðila.

### 5.13. Endurvinnsla dekkja

N1 sólar eldri dekk og safnar einnig saman vörubílabelgjum í samstarfi við Michelin sem eykur enn á nýtingu dekkjanna. N1 starfrækir sólningarverksmiðju á Réttarhvammi, Akureyri. Á síðasta ári voru sólaðir/endurunnir 3.195 vörubíla- og vinnuvélahjólarðar sem minnkar kolefnisfótspor félagsins um 578.295 kg og er þá ótalinn eldsneytissparnaðurinn við innflutning á nýjum hjólbörðum sem hefði komið til ef þeir hefðu ekki verið sólaðir. Þá er að finna hráefnissparnað (gúmmí, strigi og járn) sem nemur 172.530 kg og olíusparnað upp á 223.650 lítra.

Á síðasta ári sendi N1 183 Michelin vörubílabelgi úr landi til endurvinnslu hjá Michelin sem minnkar CO<sub>2</sub> fótspor um 33.123 kg og er hráefnissparnaður 9.882 kg og olíusparnaður 2.810 lítrar.

Á síðasta ári flutti N1 inn og seldi 2.148 sóluð vörubíladekk sem minnkar CO<sub>2</sub> fótspor um 388.788 kg og er hráefnissparnaður 115.992 kg og olíusparnaður upp á 150.360 lítra.

Framundan hjá N1 er að halda áfram að efla umhverfisvitund og auka nýtingu hjólarðanna en þegar búið er að sóla og endurnýta þá í botn eru þeir sendir úr landi í endurvinnslu og búnar til úr þeim gúmmímottur.

### 5.14. Margnota í stað plasts

Strax árið 2015 byrjaði N1 að skipta út plastpokum fyrir maíspoka á þjónustustöðvum sínum. Maísburðarpokar og skráfpokar voru síðan alfarið

teknir úr notkun á síðasta ári. Burðarpokar úr plasti eru eingöngu notaðir í verslunum og ennþá eru notaðir plastpokar undir umfangsmeiri vörur þar sem maíspokar nýtast ekki, unnið er að því að finna staðkvæmdarvöru sem hefur gott burðarþol.

Markvisst hefur verið dregið úr notkun pappírs, t.d. einnota drykkjarmála og annarra umbúða í starfsemi N1 og á öllum starfsstöðvum N1 er lagt upp með að starfsmenn noti margnota drykkjarmál en þau útvegar N1 starfsmönnum að kostnaðarlausu.

### 5.15. Rafrænir reikningar

Eitt af markmiðum ársins 2019 var að hætta móttöku reikninga í pappírformi á árinu. Viðskiptavinir voru hvattir til þess að koma í rafræn viðskipti og hætt hefur verið útsendingu reikninga í pappírformi frá N1 til einstaklinga, nema eftir því sé sérstaklega óskað. Einnig hefur viðskiptavinum verið beint á rafrænar reikningsleiðir þar sem það er mögulegt.

Verið er að senda áminningu til viðskiptavina sem enn eru með reikninga í pappírformi með þeim skilaboðum að við munum endursenda næsta pappírreikning frá þeim. Það ætti að skila sér á næstu mánuðum en vonast er til þess að sá hluti verði pappírslaus seinni hluta ársins 2020. Verkefnið um útsendingu á rafrænum reikningum eingöngu er ennþá í vinnslu.



# Jöfn tækifæri







Starfsmannastefna N1 endurspeglar þá staðreynd að einn mikilvægasti auður félagsins er fólgin í starfsfólkinu, þekkingu þess og færni.

Stefna N1 er að laða að og halda í hæft og traust starfsfólk. Það er gert með því að skapa starfsfólki gott og hvetjandi starfsumhverfi, efla það og styrkja með markvissri starfsþjálfun og þróun. Það er mikilvægt að starfsfólk þekki hlutverk, stefnu og gildi félagsins, með því næst betri árangur. Starfsmannastefna N1 er aðgengileg öllum starfsmönnum á Torginu, innri vef félagsins.

N1 skrifaði undir Jafnréttissáttmála UN WOMEN árið 2011 en í honum felst að stuðla að aukinni þátttöku og tækifærum kvenna til að draga úr fátækt og stuðla að jöfnun kynja. N1 er ekki með sérstaka þjálfun í mannréttindamálum en lögð er áhersla á að vekja starfsfólk til umhugsunar

um málefni tengd mannréttindamálum (Heimsmarkmið 3, 5, 10).

### 6.1. Launahlutfall æðstu stjórnenda

Stjórn N1 ákveður laun æðsta stjórnanda. N1 hefur samið starfskjarastefnu í samræmi við þau skilyrði sem fram koma í 79. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Markmiðið með stefnunni er að félagið sé samkeppnishæft og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk og stjórnendur. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að stjórn félagsins sé kleift að bjóða samkeppnishæf laun og aðrar greiðslur sem tíðkast hjá sambærilegum fyrirtækjum.



Tenging við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.



## 6.2. Jafnlaunakerfi

N1 greiðir sömu laun fyrir jafn verðmæt störf, fylgir Jafnlaunakerfi ÍST 85:2012, lögum og reglum sem gilda á hverjum tíma. Með vottuðu jafnlaunakerfi samkvæmt ÍST 85:2012 stuðlar N1 að eftirliti, viðbrögðum og umbótum til að styðja við Jafnréttis- og jafnlaunastefnu félagsins. Fyrirtækið hefur hlotið jafnlaunavottun frá árinu 2015, fyrst íslenskra olúfélaga. Í samræmi við reglur BSI er launagreiðing gerð árlega. Jafnlaunavottun felur í sér faglega úttekt á launum starfsfólks, starfaflokkun og öðrum þáttum sem hafa áhrif á kjör karla og kvenna. Kynbundinn launamunur árið 2019 mældist 1,1% konum í óhag, en var 1,7% árið 2018. Ef upp koma athugasemdir eða launamunur á milli ára er skýringa leitað og unnið að úrbótum.

## 6.3. Starfsmannavelta

Starfsmannavelta hjá fyrirtækinu endurspeglar fjölbreytta starfsemi og aukið árstímabundið álag á þjónustustöðvum, í bílaþjónustu, verslunum og vöruhúsi. Heildarstarfsmannavelta fyrirtækisins er 54,62% á árinu en var 59,6% árið 2018. Starfsmannavelta er mest á útstöðvum það er í bílaþjónustu, vöruhúsi og á þjónustustöðvum en er minnst á skrifstofu.

N1 leggur áherslu á að huga vel að vinnustaðnum og til að kanna stöðu innra starfs er framkvæmd vinnustaðgreining. Þar er horft til upplifunar

starfsmanna á vinnustaðnum, starfsumhverfinu, álagi, upplýsingamiðlun og öðrum þáttum sem snúa að innri ferlum fyrirtækisins. Vinnustaðgreiningin tekur mið af starfsánægju, starfsanda, markmiðum, streitu, vinnuaðstöðu, trausti til stjórnenda og yfirmanna, þekkingu á gildum og hvatningu. Gott starfsumhverfi leiðir til jákvæðs starfsanda þar sem frumkvæði og samheldni starfsfólks stuðlar að aukinni starfsánægju. Tvær vinnustaðgreiningar voru framkvæmdar á árinu. Heildaránægja mældist 4,15 í könnun sem var lögð fyrir í maí, könnunin var lögð fyrir 547 starfsmenn og var svarhlutfall 66%. Í eftirfylgnikönnun sem var framkvæmd í nóvember mældist heildaránægja 4,22, könnunin var lögð fyrir 510 manns og var svarhlutfall 70%.

Árlega er starfsfólk boðað í starfsmanna- og frammistöðusamtöl en miðað er við að samtöl séu tekin 1-2 sinnum á ári. Samtölin byggja á fyrirfram skilgreindum markmiðum og á ákveðnu þema þar sem horft er til starfsánægju, styrkleika, starfsþróunar og þjálfunar, tækifæri til vaxtar, hagkvæmni og árangurs. Stjórnendur og starfsmenn meta frammistöðuna eftir þessum þáttum og finna leiðir til úrbóta sé þess þörf. Sett eru markmið og í næsta samtali eru þau rifjuð upp, sem eykur líkur á eftirfylgni.

## 6.4. Jafnræði kynja

Árið 2019 voru að meðaltali 35% starfsmanna konur og 65% karlar. Árið 2018 voru að meðaltali 34%



starfsmanna konur og 66% karlar. Áhersla er lögð á að jafna kynjahlutfall starfsmanna meðal annars með því að fjölga konum í stjórnendastöðum og hvetja þær sérstaklega til að sækja um störf hjá félaginu sem gjarnan eru talin karllæg eins

og störf í bílaþjónustu. Í atvinnuauglýsingum er áhersla lögð á að hvetja bæði kyn til þess að sækja um auglýst störf hjá fyrirtækinu og í myndefni atvinnuauglýsinga er jafnræðis gætt. Litlar breytingar urðu á stjórnendahópnum á milli ára.



## 6 Jöfn tækifæri

Fjöldi starfsmanna í stjórnendastöðum	2019		2018	
	Konur	Karlar	Konur	Karlar
Framkvæmda- og deildarstjórar	2	4	1	4
Stöðvarstjórar	10	9	10	10
Verslunarstjórar	2	3	2	3
Bílaþjónusta	0	11	0	11
<b>Samtals</b>	<b>14</b>	<b>27</b>	<b>13</b>	<b>28</b>

### 6.5. Samsetning starfa – hlutastörf

Árið 2019 voru stöðugildi að meðaltali 453 en að meðtali um 536 árið 2018. Meðalfjöldi starfsmanna sem fékk greidd laun á árinu 2019 var 586 en var 690 árið 2018. Tvisvar á ári eru hlutastarfsmenn ráðnir frá starfsmannaleigu á álagstímum í bílaþjónustunni. Ekki er hægt að greina hlutfall á milli fastráðinna og lausráðinna eða tímabundið ráðinna þar sem allt starfsfólk er skráð sem fastráðið hjá félaginu.

### 6.6. Jafnrétti

N1 hefur markað sér jafnréttisstefnu og er markmið hennar að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla og jöfnum tækifærum einstaklinga óháð kyni. Hver starfsmaður er metinn að verðleikum óháð kyni. Þannig er tryggt að mannauður fyrirtækisins nýtist sem best. Jafnframt er hvers kyns mismunun t.d. vegna kynþáttar, trúar- eða

stjórnmálaskoðana, kynhneigðar, þjóðernis eða annars slíks óheimil.

N1 hefur einnig sett stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi, en slík hegðun er undir engum kringumstæðum umborin á vinnustaðnum. Áhersla er lögð á að starfsmenn sýni samstarfsfólki sínu ávallt kurteisi og virðingu í samskiptum. Einelti er brot á starfsskyldum og óásættanleg hegðun á vinnustað. Stefnan er aðgengileg öllum starfsmönnum á innri vef fyrirtækisins.

N1 greiðir sömu laun fyrir jafn verðmæt störf og fylgir Jafnlaunakerfi ÍST 85:2012, lögum og reglum sem gilda á hverjum tíma. Með vottuðu jafnlaunakerfi samkvæmt ÍST 85:2012 stuðlar N1 að eftirliti, viðbrögðum og umbótum til að styðja við Jafnréttis- og jafnlaunastefnu félagsins. Fyrirtækið hefur hlotið jafnlaunavottun frá árinu 2015.



### 6.7. Heilsa og öryggi starfsmanna

N1 er í samstarfi við Heilsuvernd sem sinnir skráningu á veikindum og slysum starfsfólks N1. Starfsmenn geta einnig leitað til Heilsuverndar og fengið ráðleggingar vegna veikinda sinna eða fjölskyldumeðlima, líkamsbeitingar eða annars konar heilsutengdra mála. Heilsuvernd

heldur utan um veikindaskráningar og sendir N1 mánaðarlega skýrslur vegna þeirra. Meðalfjöldi veikindadaga var 8,3 árið 2019 en var 8,6 árið 2018. Fjöldi slysa á starfsfólki á árinu var 11 en var 27 árið 2018.





### 6.8. Heilsuvernd og öryggisstefna

Í febrúar og mars ár hvert er lögð áhersla á fræðslu er varðar öryggi í starfsumhverfinu og athygli vakin á heilbrigði og hreyfingu. Markmiðið er að efla öryggis- og heilsuvitund starfsmanna. Námskeið og fræðslufyrirlestrar

tengdir skyndihjálp, eldvörnum, efnunum og efnavörum, gæða-, umhverfis- og öryggismálum, ráni og rýrnun ásamt fyrirlestrum um heilsu og mataræði eru í brennidepli þennan mánuð. Árið 2019 voru haldin 12 námskeið tengd öryggi og heilsu sem 217 starfsmenn sóttu.

N1 hvetur starfsmenn til heilsuefningar með

ýmsum hætti m.a. með því að veita fastráðnum starfsmönnum líkamsræktarstyrk að upphæð 20.000 kr. árlega. Fjöldi starfsmanna sem sótti um líkamsræktarstyrk árið 2019 var 106 eða 23% en var 129 árið 2018 eða 19%.

### 6.9. Barna- og nauðungarvinna

N1 fylgir lögum og reglum í landinu varðandi vinnuvernd, mannréttindi og barnaþrælkun og er stefna félagsins að ráða ekki starfsfólk undir 18 ára sé hjá því komist.

Hluti af innkaupastefnu N1 er að fara ekki í samstarf við nýja birgja nema þeir uppfylli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem sérstaklega er tekið á barnaþrælkun, nauðungarvinnu, vinnuaðstöðu og lengd vinnutíma.

Allir birgjar utan ESB hafa verið metnir af

N1 og hafa staðfest að þeir vinni samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

### 6.10. Mannréttindastefna

N1 leggur áherslu á að skapa starfsfólki sínu gott og hvetjandi starfsumhverfi. N1 hefur sett sér stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustað en slík mál sem fara út fyrir ramma eðlilegra samskipta og hegðunar á vinnustað verða undir engum kringumstæðum umborin hjá félaginu. N1 hefur innleitt sáttmála Samtaka atvinnulífsins gegn einelti, áreitni og ofbeldi sem hluta af daglegum rekstri fyrirtæksins. Með því að hafa hann í heiðri stuðla starfsmenn að heilbrigðri vinnustaðamenningu.

### 6.11. Brot á mannréttindum

Á árinu 2019 komu upp tvö mál sem má skilgreina sem brot á mannréttindum hjá N1.



Málin fengu faglega afgreiðslu í samræmi við viðbragðsáætlun félagsins gegn einelti, áreitni og ofbeldi. N1 tók upp samstarf við Siðferðisgáttina á árinu en með því samstarfi gefst starfsmönnum fyrirtækja og stofnana möguleiki á að koma á framfæri, á öruggan hátt, ef þeir verða fyrir óæskilegri framkomu eða upplifa vanlíðan á sínum vinnustað.

### 6.12. Sanngjarn vinnuréttur

Félagið leggur áherslu á sanngjarnan vinnurétt og að starfsmenn hafi val um það hvort þeir séu í stéttarfélagi. Starfsmenn N1 eru með aðild að ýmsum stéttarfélögum og greiðir N1 öllum almennum starfsmönnum laun samkvæmt kjarasamningum þeirra. Á meðal stéttarfélaganna eru Efling, VR, SGS, FIT, Matvís og Byggið. Æðstu stjórnendur félagsins eru undanþegnir þessu. N1 fylgir lögum og reglum í landinu varðandi vinnuvernd, mannréttindi og barnaþrælkun og er stefna félagsins að ráða ekki starfsfólk undir 18 ára sé hjá því komist. N1 greiðir öll opinber gjöld og engin svört

atvinnustarfsemi er í boði hjá félaginu. Árið 2019 var einn starfsmaður utan stéttarfélags.

### 6.13. N1 skólinn – vöxtur í starfi

N1 leggur mikla áherslu á fræðslu og starfsþróun við uppbyggingu öflugrar liðsheildar. Stefna N1 í fræðslumálum er að stuðla að nauðsynlegri starfsþjálfun og fræðslu starfsmanna. Með því auka þeir hæfni sína, færni og þekkingu og stuðla að bættri frammistöðu, árangri og aukinni samkeppnishæfni félagsins. Grunnstoðir N1 skólans byggja á þjálfun og fræðslu um þjónustu, vörubekkingu, uppbyggingu og starfsemi N1, samskipti, stjórnun og öryggis- og gæðamál. N1 skólinn gegnir lykilhlutverki og er grundvöllur þess að hægt sé að sinna þjálfun og endurmenntun starfsmanna á markvissan hátt og gera þá um leið að hæfari starfskröftum til framtíðar. Meginþættir í fræðslustarfi N1 eru móttaka, þjálfun og fræðsla nýrra starfsmanna, sala og þjónusta og þjálfun starfsmanna í starfi vegna nýrra verkefna eða breytinga, endur- og símenntun.

”

N1 skólinn gegnir lykilhlutverki í fræðslustarfi hjá okkur hjá N1 og er grundvöllur þess að hægt sé að sinna þjálfun og endurmenntun starfsmanna á markvissan hátt og ýta undir vöxt þeirra í starfi. Grunnstoðir N1 skólans byggja á þjálfun og fræðslu um þjónustu, vörubekkingu, uppbyggingu og starfsemi N1, samskipti, stjórnun og öryggis- og gæðamál.


*Björg Ársælsdóttir, mannauðsstjóri N1*



# N1 í samfélaginu







Árlega vinnur Creditinfo greiningu á rekstri íslenskra fyrirtækja og veitir Framúrskarandi fyrirtækjum viðurkenningu fyrir árangurinn. Í ár var var listinn yfir Framúrskarandi fyrirtæki unninn í tíunda sinn. Framúrskarandi fyrirtæki byggja rekstur sinn á sterkum stöðum og efla hag fjárfesta og hluthafa. Það er því eftirsóknarvert að skara fram úr en N1 var eitt þeirra Framúrskarandi fyrirtækja sem hlutu viðurkenningu árið 2019.

N1 hefur mjög mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu og hefur þar mikil áhrif. Félagið leggur mikið upp úr heilsu og vellíðan auk nýsköpunar og styður þannig við Heimsmarkmið 3 og 9 í starfsemi sinni.

framboð er á hollari fæðu og skyndibita. Mjög vel gengur að selja hollustuvöruna enda var þörf fyrir hana á markaði og hafa slíkar vörur vaxið einna mest í sölu hjá N1. Það gerir að verkum að sumir samstarfsaðilar N1 sem leggja áherslu á hollt vöruframboð vaxa mjög hratt.

### 7.1. Trendið í hollustu

Miklar breytingar hafa átt sér stað í neysluhegðun viðskiptavina N1 en það á sérstaklega við um yngri kynslóðirnar. Ungir neytendur hugsa öðruvísi um tíma sinn, heilsu og næringu en þeir sem eldri eru og vilja auk þess geta notað tækni við ákvarðanatöku. Áherslur N1 á þessu ári hafa því beinst að uppbyggingu þjónustumiðaðrar dagvöruverslunar að erlendri fyrirmynd. Aukið

Í samræmi við framangreinda stefnu opnaði veitingastaðurinn Local í þjónustustöð N1 á Ártúnshöfða og er það fimmti veitingastaður Local. Meðal annarra sem bjóða upp á veitingar á þjónustustöðvum N1 eru Serrano, Subway, Nam og Ísey skyrbar. N1 hefur lagt áherslu á að bjóða viðskiptavinum mikið úrval af mat og drykk og það er fagnaðarefni að hollari valkostum fjölgar.





## 7.2. Hraðhleðsla fyrir heimilin

Breyttar áherslur á eldsneytismarkaði kalla á breytingar á viðskiptamódeli fyrirtækisins. Reiknað er með því að í framtíðinni komi færri á þjónustustöðvar N1 til þess að taka hefðbundið eldsneyti þar sem orkugjafinn á bílana er að breytast. Fyrirtækið þarf að starfa í takt við það og geta boðið einstaklingum aðstöðu til hleðslu sem ekki ganga að slíku heima hjá sér. Á meðan getur fólk fengið sér kaffi og með því í rólegheitum. Þess vegna skiptir áhersla stöðvanna á þjónustu svo gríðarlega miklu máli.

## 7.3. Hulduheimsóknir

Mikil vinna er lögð í að bæta þjónustuna og fá þjónustustöðvarnar mikið hrós á hverju ári. Viðskiptavinir laðast auk þess að þeim stöðvum sem eru mannaðar með útiþjónustu. Í stefnu fyrirtækisins er að vera númer eitt í þjónustu og eitt af því sem gert er til þess að fylgjast með þjónustunni eru hulduheimsóknir sem farið er í á sex vikna fresti. Þar eru þjónustuþættirnir metnir og starfsmenn fá bónusgreiðslur sínar mældar eftir því hver niðurstaðan er. Huldun metur alla þætti, fer um salinn, skoðar útiaðstöðu og metur hraða og gæði á þjónustu en mælikvarðarnir eru mjög skýrir.

”

Í innkaupastefnu N1 er grein þar sem tilgreint er að félagið leggi ríka áherslu á samfélagslega ábyrgð og að með stýrðum innri aðgerðum getum við lagt okkar af mörkum til þess að auka áhuga, eftirspurn og framboð á umhverfisvænni vörum. Þetta er ein þeirra leiða sem við förum til þess að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í aðfangakeðju okkar.

*Sigríður Guðmundsdóttir, innkaupastjóri N1*



# 60 milljónir til samfélagsmála







## 8 60 milljónir til samfélagsmála

Í stuðningi sínum við samfélagið leggur N1 áherslu á að styrkja og styðja við barna- og unglिंगastarf íþróttafélaga víðsvegar um landið. N1 studdi á árinu við tæplega 30 íþróttafélög og var bakhjarl KSÍ auk fjölmargra golfklúbba. Grásrótastuðningur skiptir félagið miklu máli en það gefur mikinn innblástur að fjármunum þess sé varið í að byggja upp stjórnur framtíðarinnar.

### 8.1. N1 mótið, bakhjarl KSÍ og hæfileikamótun KSÍ

Styrktarverkefni ár hvert eru mörg en undanfarin sex ár hefur N1 verið styrktaraðili N1 mótsins sem í fyrra var haldið á Akureyri í þrítugasta og þriðja sinn. Mótið er eitt stærsta árlega knattspyrnumót landsins með hátt á annað þúsund þátttakendum á aldrinum 10 til 12 ára auk þjálfara, liðsstjóra og foreldra.

Sem einn af bakhjörllum KSÍ er N1 einnig styrktaraðili Hæfileikamótunar KSÍ og N1. Árið 2019 tóku um 600 ungmenni víðsvegar af landinu þátt í Hæfileikamótun KSÍ og N1. Þetta var í

sjötta skipti sem Hæfileikamótunin var haldin. Knattspyrnulið um allt land fengu heimsóknir frá þjálfurum KSÍ sem stóðu fyrir fræðslu og mátu jafnframt getu leikmanna á aldrinum 13 til 14 ára í þeirri von að finna framtíðarleikmenn landsliðsins. Í kjölfarið bauðst drengjum og stúlkum að taka þátt í Hæfileikamótun í Kórnum og landsliðsþjálfurum gafst tækifæri til að fylgjast með þeim spila.

### 8.2. Golfklúbbur Reykjavíkur

N1 hóf samstarf við Golfklúbb Reykjavíkur (GR) í Básun sem aðalstyrktaraðili. Sett var upp TrackMan Range kerfi á æfingasvæði í





Básam í samstarfi við N1. TrackMan Range er ný og byltingarkennd radarmælingatækni fyrir golfæfingasvæði sem veitir kylfingum lykilupplýsingar um hvert slegið högg og gjörbreytir allri aðstöðu til æfinga í Básam.

### 8.3. Bæjarhátíðir og hjólreiðakeppnir

N1 tekur ríkulegan þátt í bæjarhátíðum og viðburðum víðsvegar um landið þar sem starfsemi fyrirtækisins fer fram. Má þar nefna Húnavökuhátíðina, Húmarhátíðina á Höfn, Kjötsúpuhátíðina, Mærudaga o.fl. Líkt og áður tókum við þátt í að styrkja WOW Cyclothon með því að lengja opnunartíma þeirra N1 stöðva sem eru á hjólaleiðinni og taka vel á móti keppendum.

### 8.4. Jólstyrkur til BUGL

Í desember var tekin ákvörðun annað árið í röð að N1 myndi ekki senda jólagjafir til fyrirtækja en þess í stað auka styrki til góðgerðarmála. Í ár var ákveðið að styrkja BUGL (Barna- og unglingageðdeild Landspítalans) um eina milljón

króna. Ákveðið var að nota jólstyrk N1 í að kenna starfsfólki BUGL ACT-meðferðina, Acceptance and Commitment Therapy, en hún er ætluð fyrir unglinga með tilfinningavanda og foreldra þeirra.

Jafnframt var tekin ákvörðun um að styðja enn frekar við starfsemina og sjá áfram um rekstur bílaflota BUGL á árinu 2020. Stuðningurinn felur í sér rekstur tveggja bíla sem notaðir eru til að fara með skjólstæðinga BUGL í ýmsar ferðir en einnig til að vettvangsteymi geti sótt fjölskyldur heim og unnið með börnum í þeirra nærumhverfi.

### 8.5. Góðgerðarmál

Fjölskylduhjálp Íslands naut góðs af jólstyrk frá N1 í formi bensínkorta en það kom sér einstaklega vel fyrir þær fjölskyldur sem sækja þurftu aðstoð yfir jólahátíðirnar.

Jafnt og þétt yfir árið er veittur fjöldi styrkja til góðgerðarmála. Einnig er veittir styrkir í formi gjafa í ýmiss konar fjáraflanir t.a.m. skóla, leikskóla, björgunarsveita o.fl. aðila.

”

Við leggjum áherslu á að styrkja og taka þátt í samfélaginu á hverjum stað. Við erum virk í samfélagsmálum á þeim stöðum sem þjónustumiðstöðvar okkar eru staðsettar. Það á hver staður sitt hjartans mál sem við komum til móts við. Við erum líka ótrúlega stolt af stuðningi okkar við íþróttastarf um allt land og toppurinn á því er glæsilegt knattspyrnumót sem er N1 mótið á Akureyri.

*Þyrí Dröfn Konráðsdóttir, markaðsstjóri N1*



# Stjórn og stjórnarhættir





**Stjórnendur N1 eru meðvitaðir um þau áhrif sem félagið hefur á samfélagið allt og leggja því áherslu á að stunda heilbrigða viðskiptahætti. Orðspor félagsins er ein dýrmætasta eign þess. Siðareglur Festi gilda um alla starfsemi N1 og alla starfsmenn og stjórn félagsins, sem og þá verktaka, sem sinna verkefnum fyrir það.**

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda, innan þeirra takmarka sem samþykktir Festi hf. og landslög setja. Hluthafar fara með ákvörðunarvald sitt á hluthafafundum. Stjórn Festi fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess. Samskipti stjórnar og hluthafa fara fram á hluthafafundum.

Stjórnarmenn í félaginu eru sjálfstæðir í störfum sínum og taka ekki við fyrirmælum frá hluthöfum félagsins eða öðrum hagsmunaaðilum. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur sem eru yfirfarnar árlega. Í þeim er að finna skilgreiningu á valdsviði stjórnar og verksviði stjórnar gagnvart forstjóra.

Í reglunum er meðal annars að finna ákvæði um skipan stjórnar, samskipti við hluthafa, boðun funda og ályktunarhæfni, fundargerðir og innihald þeirra, reglur um þagnar- og trúnaðarskyldu stjórnarmanna og reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála. Allir stjórnarmenn eru óháðir félaginu og stórum hluthöfum þess.

### 9.1. 72% innlendir birgjar

Hlutfall erlendra birgja 2019 er 28% og hlutfall innlendra birgja 72%. Hluti af innkaupastefnu N1 er að fara ekki í samstarf við nýja birgja nema þeir uppfylli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

þar sem sérstaklega er tekið á barnaþrælkun, nauðungarvinnu, vinnuaðstöðu og lengd vinnutíma. Allir birgjar utan ESB hafa verið metnir af N1 og hafa staðfest að þeir vinni samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ekki var stofnað til viðskiptasambands við nýja birgja utan ESB á liðnu ári.

### 9.2. Ábyrg innkaup

Innkaupastefna N1 byggist á gildum félagsins sem eru virðing, kraftur og einfaldleiki. Félagið leggur áherslu á að haga öllum innkaupum á vörum og þjónustu þannig að hagsmunir fyrirtækisins séu ávallt hafðir að leiðarljósi. Unnið er eftir skýrum verkferlum og öguðum vinnubrögðum.

Í innkaupastefnu N1 er grein þar sem tilgreint er að félagið leggi ríka áherslu á samfélagslega ábyrgð og að með stýrðum innri aðgerðum geti N1 lagt sitt af mörkum til að auka áhuga, eftirspurn og framboð á umhverfisvænni vörum. Þetta er ein þeirra leiða sem N1 fer til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í aðfangakeðju sinni.

N1 er aðili að Innkaupaneti Umhverfisstofnunar, Viðskiptaráði Íslands, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum atvinnulífsins, Dokkuni og Stjórnvísí. Í samræmi við efnalög nr. 61/2013 flytur N1 eingöngu inn efnavörur og olíur frá birgjum með REACH vottanir. Öryggisblöð í samræmi við CLP reglugerð nr. 415/2014, fyrir allar varnaðarmerktar vörur í sölu hjá fyrirtækinu eru aðgengilegar á heimasíðu N1.

### 9.3. Birgjar

Birgjamöt eru ekki formleg hjá N1 að öðru leyti en því að þeir birgjar sem þjónusta ISO 14001 vottaðar starfsstöðvar N1 hafa undirgengist birgjamat í samræmi við kröfur N1 og staðalsins. Árið 2008 hófst vinna við að innleiða fyrstu tvær umhverfisvottuðu þjónustustöðvar N1 og nú eru þær átján sem hlotið hafa vottun samkvæmt alþjóðlega umhverfisstjórnunarstaðlinum ISO 14001 frá Vottun hf. Síðustu átta þjónustustöðvar félagsins eru í innleiðingarferli. Stefnt er að því að allar þjónustustöðvar N1 í eigin rekstri séu vottaðar í samræmi við ISO 14001. Umhverfisstefna N1 er skýr; félagið skuldbindur sig til að vinna með markvissum aðgerðum og stöðugum umbótum að því að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar. Það gerir N1 með því að:

- ▶ Þekkja og taka tillit til umhverfismála í starfsemi N1 og þannig stuðla að betra umhverfi.
- ▶ Selja umhverfisvæna orkugjafa og vörur ásamt því að vinna markvisst að auknu framboði á þeim.
- ▶ Að uppfylla gildandi lög og reglugerðir í umhverfismálum.
- ▶ Að skilgreindar starfsstöðvar starfi samkvæmt kröfum ISO 14001.
- ▶ Draga úr myndun útgangs, stuðla að betri nýtingu auðlinda og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.



## 9 Stjórn og stjórnarhættir

- › Viðhafa bestu fánlegu mengunarvarnir við endurnýjun og viðhald búnaðar.
- › Tryggja að starfsfólk fái viðeigandi þjálfun til að stuðla að aukinni umhverfisvitund og lágmarka líkur á mengunar- og öðrum óhöppum.
- › Gefa árlega út skýrslu um stöðu umhverfis- og samfélagsmála hjá fyrirtækinu.
- › Hvetja til virðingar fyrir umhverfinu og leggja áherslu á skyldur hvers og eins starfsmanns til að svo megi verða.
- › Skrá mengunaróhöpp svo og öll atvik sem gætu valdið mengun eða umhverfisóhöppum og nýta þær upplýsingar til markvissra forvarna.

Birgjar N1 gera sumir hverjir gagnkvæmar kröfur til N1 um að uppfylla ákveðin skilyrði til að fá leyfi til að selja vörur þeirra, svo sem að þjálfun starfsfólks N1 sé í samræmi við staðla þeirra. Ekki var stofnað til viðskiptasambands við nýja birgja utan ESB á liðnu ári.

### 9.4. Exxon Mobil vottun

ExxonMobil gerir þá kröfu til N1 að vörur þeirra verði meðhöndlaðar samkvæmt skilgreindu ferli frá móttöku til afhendingar. Einnig þarf N1 að uppfylla kröfur þeirra til umhverfis-, öryggis-,

starfsmanna- og frábrigðamála en það ferli er tekið út árlega. Staðallinn nær til geymslu, sölu, varðveislu, þjálfunar starfsmanna og ekki síður afhendingu smurolíu á skip með það að markmiði að tryggja afhendingaröryggi og að varðveita gæði smurolíu.

### 9.5. Michelin vottuð hjólbarðaverkstæði

Með skipulögðum og viðurkenndum vottunaraðgerðum kostar N1 kapps um að lágmarka umhverfisáhættu frá starfsemi sinni. Öll hjólbarðaverkstæði N1 hafa frá árinu 2011 verið „Michelin Quality Dealer“ vottuð, en þá vottun fá eingöngu þau hjólbarðaverkstæði sem uppfylla ströngustu gæðakröfur Michelin, en fyrirtækið gerir miklar kröfur um gæði ýmissa þjónustubátta.

Gott verkstæði þarf að bjóða faglega þjónustu og starfsmenn þurfa að hafa mikla reynslu og góða vöruþekkingu. Þetta er meðal þeirra krafna sem Michelin setur fyrir því að fyrirtæki fái gæðavottun. Góð dekk fækka slysum og með betri dekkjum er hemlunarvegalengd styttri, gripið meira og stöðugleikinn sömuleiðis. Þá hefur vitund og þekking fólks á mikilvægi þess að vera á góðum dekkjum aukist til mikilla muna.

Á heimasíðu N1 er hægt að leita að réttum hjólbarða fyrir bílinn í samræmi við dekkjastærð samkvæmt Bifreiðaskrá. Í samræmi við staðalinn

”

Gott verkstæði þarf að bjóða faglega þjónustu og hafa starfsmenn mikla reynslu og góða vöruþekkingu. Það eru meðal annars hluti af þeim kröfum sem Michelin setur fyrir því að fyrirtæki fái gæðavottun. Góð dekk fækka slysum og með betri dekkjum er hemlunar-vegalengd styttri, gripið meira og stöðugleikinn sömuleiðis.“

*Dagur Benónýsson, deildarstjóri bílaþjónustu hjá N1*



Þá á saga bílsins að vera skráð í gagnagrunni N1, hjólbarðar keyptir hjá N1, skipti, smurning, viðgerðir og þess háttar.

Smurþjónusta N1 þjónar öllum gerðum ökutækja, stórum og smáum. Einnig býðst viðskiptavinum að bóka olíuskipti á netinu þegar þeim hentar. Á netinu má bæði bóka og finna nánari upplýsingar um þjónustuna. Einnig er mögulegt að velja smurolíu sem best hentar bílnum með því að slá inn bílnúmerið. Þá kemur í ljós hvaða tegund framleiðandinn leggur til.

### 9.6. N1 selur vottaðar vörur

Vörur frá Tork sem seldar eru á þjónustumiðstöðvum N1 eru með Svansvottun, ISO 14001 vottun eða með bláa blóminu. Vottunin setur meðal annars viðmið í vöruúrvali lífrænna og umhverfsvottaðra vara, lágmörkun á orkunotkun, flokkun á sorpi, lágmörkun matarsóunar og umhverfsvænni rekstrarvöru. Norræna umhverfsvottunin Svanurinn setur strangar kröfur um lágmörkun umhverfisáhrifa.

### 9.7. UFS uppgjör

N1 er skráð á aðallista NASDAQ og er sjálfbærniuppgjör þetta unnið með hliðsjón af UFS leiðbeiningum NASDAQ á Íslandi og Norðurlöndum, útgefnum í mars 2017 í íslenskri þýðingu frá febrúar 2020. Þær leiðbeiningar byggja á ráðleggingum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu þjóðunum, samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange). Skýrsla þessi er unnin af starfsmönnum og sérfræðingum á viðkomandi sviðum hjá N1 og Festi með aðstoð frá sérfræðingum frá Podium ehf. Skýrslan nær yfir alla starfsemi N1 og byggir á rekstrarárinu 2019. CO2 uppgjör eru fengin í gegnum vef Klappa í samræmi við upplýsingar; fjöldi flugferða var gefinn upp hjá viðkomandi flugfélagi og úr bókhaldi, eldsneytislítrar úr viðskiptamannabókhaldskerfi N1, upplýsingar um sorplosun eru fengnar frá viðkomandi losunaraðila og orku- og vatnsnotkun frá viðkomandi veitum.

”

Við kappkostum við að veita heildarlausnir í þjónustu fyrir fyrirtæki og stórnotendur á sviði rekstrarvara, eldsneytis og ráðgjafar. Við viljum að viðskiptavinurinn sjái ávinninga af því að versla við N1, þar sem hann gengur að framúrskarandi þjónustu.

*Páll Örn Líndal, yfirmaður fyrirtækjasviðs, verslana og þjónustuvers*



Svo lengi lærir  
sem lifir





Gerð var tilraun á stórri þjónustustöð N1 til þess að fá viðskiptavini til þess að flokka sitt sorp en því miður þurfti frá því að hverfa þar sem of mikil vinna fór í að endurflokka. Það er áskorun að reyna að fá viðskiptavini félagsins í lið með fyrirtækinu til þess að flokka sorp en starfsmenn munu halda ótrauðir áfram að reyna að finna lausnir til að gefa þeim færi á því.

N1 lítur mengunaróhöpp í starfseminni mjög alvarlegum augum og brugðist er tafarlaust við þegar þau koma upp. Lekamál eru sem betur fer mjög fátíð og eru verklagsreglur þannig að komi til slíks þá er málið rannsakað í þaula meðal annars með utanaðkomandi aðilum svo sem verkfræðistofum til að meta umfang þeirra og útbreiðslu. Ekki er alltaf einfalt að greina sök í málum sem þessum en mjög er vandað til verka við greiningu þeirra og unnið er náið með heilbrigðisyfirvöldum á viðkomandi svæði. Mengunaróhöpp sem urðu á árinu eru ennþá í rannsókn.

Fyrirbyggjandi viðbrögð við mengunaróhöppum eru margskonar meðal annars er reglulegt eftirlit

með geymum og nýstárlegur búnaður notaður. Allir einfaldir tankar sem voru komnir á aldur voru þykktarmældir árin 2018 og 2019. Einnig hafa verið tekin í notkun fullkomin mælitæki Inside 360° á tveimur stöðum og fleiri eru í innleiðingarferli. Búnaði er komið fyrir inni í tönkum og mæla þeir sem nemur 0,30 cl óútskýrð frábrigði og gefa til kynna t.d. ef um leka frá tankinum er að ræða. Með því móti teljum við að hægt verði að koma í veg fyrir lekaóhöpp frá eldri geymum.

### **Bjart framundan**

Framtíðin er bæði björt og spennandi og N1 ætlar að vera leiðandi fyrirtæki í orkuskiptum

”

Umhverfi okkar er að breytast, en hlutverkið ekki, N1 ætlar sér sambærilegt leiðtogahlutverk í yfirstandandi orkuskiptum og það hefur haft á eldsneytismarkaði og býðst til að mæta þörfum viðskiptavina við yfirfærslu þeirra yfir á rafbíla með því að bjóða upp á sölu á raforku, ásamt því að tryggja viðskiptavinum öryggar og sveigjanlegar rafhleðslulausnir.

*Sigfinnur Valur Viggósson, framtíðarorkugjafar og rafbílavæðing*



á Íslandi og halda áfram að styrkja dreifikerfi þjónustustöðva um allt land. Á síðasta ári keypti Festi 15% hlut í Íslenskri orkumiðlun og Hlöðu. Það er áfangi á vegferð sem þegar er hafin - að N1 verði leiðandi í orkuskiptum samgangna á Íslandi. N1 er skilgreint sem orkusali samsteypunnar og með kaupum á IOM og Hlöðu er stigið skref í þá átt að bjóða viðskiptavinum N1, bæði einstaklingum og fyrirtækjum, umhverfisvænni valkost en jarðefnaeldsneyti.

Á þessu ári er markmiðið að halda áfram að stíga fleiri skref í sölu á raforku og verður innviðaupbygging áberandi. Fyrirhugað er að opna fjölorkustöð í Skógarlind á fyrri hluta ársins þar sem í fyrsta skipti á Íslandi verða fleiri stæði fyrir sölu á raforku en fyrir sölu á jarðefnaeldsneyti.

Staðsetning þjónustustöðva N1 er styrkur og hugmyndin er að nýta söluleiðirnar til þess að

efla félagið og taka forystu á þessum markaði. Það eru því verulega spennandi tímar framundan. Þjónustustöðvarnar verða staðir þar sem fólk á ferð getur nálgast nauðsynjar um leið og það bætir orku á ökutækin. Einstaklingssala mun breytast hraðar en fyrirtækjahlutinn sem verður lengur í óbreyttri mynd svo sem eins og sala til bænda, útgerða, verktaka og flugfélaga. Samhliða breytingum er unnið að því að styrkja núverandi viðskiptasambönd og afla nýrra en N1 ætlar áfram að vera leiðandi í þjónustu.

Það er löng hefð fyrir umhverfisvitund hjá starfsmönnum N1 og mörg ár síðan hefðbundnir plastpokar voru teknir úr umferð á þjónustustöðvunum. Áfram verður unnið í verkefnum sem tengjast því að aðstoða viðskiptavinum við að breyta neysluhegðun til umhverfisvænni háttu t.d. með notkun á margnota ílátum og betri pokalausnum.



Í ljósi dreifðra starfsstöðva áformar félagið að styðja áfram samfélög á landsbyggðinni þar sem N1 er oft einn stærsti eða jafnvel stærsti vinnustaðurinn. Það skiptir máli að vera hluti af þeim samfélögum og hefur N1 lengi verið ómissandi hluti af rekstri margra íþróttafélaga á landsbyggðinni.

Áhersla á samfélagsábyrgð birgja N1 verður aukin og áfram verður unnið í því að staðfæra ISO 14001 birgja gátlista yfir á aðra almenna birgja þannig að ekki verði gerður greinamunur á erlendum og innlendum birgjum. Einnig verður kallað eftir frekari upplýsingum um samfélagslega ábyrgð birgja.



# N1 og Heimsmarkmiðin





Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna byggja á þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og miðast þau við að ljúka því sem ekki náðist með þeim.

Heimsmarkmiðin eru 17 með 169 undirmerkmíðum. Þau eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi á milli hinna þriggja stoða sjálfbærrar þróunar: hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Áætlun um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru framkvæmdaáætlun í þágu mannkynsins, jarðarinnar og hagsældar.



Ríkisstjórn Íslands samþykkti í júní 2018 að forgangsraða 65 af 169 undirmerkmíðum Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna við innleiðingu þeirra á Íslandi. Forgangsröðun N1 tekur mið af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

N1 hefur ákveðið að velja Heimsmarkmið 3, 5, 9, 10, 12 og 13 til þess að vinna að og innleiða í starfseminum.



Unnið verður að ýmsum verkefnum þeim tengdum.





Áherslur		Markmið N1			Tenging við	
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Tengsl við stefnu Stjórnarráðsins	Tenging við stefnu N1	Heiti markmiðs	Undirmarkmið	Heildarárangur 2019	UFS
	<p><i>Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar</i></p> <p>3.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma verið fækkað um þriðjung með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð og stuðlað að geðheilbrigði og vellíðan.</p>	Mannauðs- og þjónustustefna	Áhersla á íþróttir og lýðheilsu	Styrkir til starfsmanna	19%	S8
			Vellíðan starfsmanna	Hollusta mötuneyti	Heildaránægja 4,22	S8
			Hollara val á þjónustustöðvum	Fjölgun hollustuvara	NA	NA
			Innviðir fyrir hjólreiðafólk	Hjólaveggir	5	Vísun í E10
	<p><i>Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna efla</i></p> <p>5.1 Öll mismunun gagnvart konum og stúlkum verði afnumin alls staðar.</p> <p>5.2 Hvers kyns ofbeldi gagnvart konum og stúlkum á opinberum vettvangi sem og í einkalífi, þ.m.t. mansal, kynferðisleg misneyting og misneyting af öðru tagi, verði ekki liðin og regluverk sem styður við ofbeldi afnumið.</p> <p>5.5 Tryggð verði virk þátttaka kvenna og jöfn tækifæri þeirra til að vera leiðandi við ákvarðanatöku á öllum sviðum stjórn- og efnahagsmála sem og á opinberum vettvangi.</p>	Mannauðs- og þjónustustefna	Jafnréttisstefna	Reglulegar launagreiningar	Já	S2
			Jafnlaunavottun	Sambærileg laun fyrir sömu vinnu	1,1%	S2
			Ofbeldi ekki liðið	Samningur við Siðferðisgáttina og Heilsuvernd	Lokið	S10
			Stjórnarhættir	Jafnt kynjahlutfall í stjórn	50/50	S2



Áherslur		Markmið N1			Tenging við	
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Tengsl við stefnu Stjórnarráðsins	Tenging við stefnu N1	Heiti markmiðs	Undirmarkmið	Heildarárangur 2019	UFS
	<p><i>Draga úr ójöfnuði innan og á milli landa</i></p> <p>10.2 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum gert kleift að taka þátt í félagslífi og hafa afskipti af efnahagsmálum og stjórnámum, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahags eða annarrar stöðu.</p>	Mannauðs- og þjónustustefna	Auka hlut kvenna í stjórnunarstöðum	Hvatning til kvenna að sækja um stjórnendastöður	14 konur 27 karlar	S4
	<p><i>Byggja upp viðnámsþolna innviði fyrir alla, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun</i></p> <p>9.1 Þróaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.</p>	Staðfæring vörumerkis	Við erum frumkvöðull, komum með nýjungar og höfum reynslu og þekkingu í okkar fagi	Að fara inn á orkumarkaðinn með ný viðskiptamódel Dekkjaendurvinnsla	Kaup á IOM Kaup á Hlöðu Orkey - samstarf ON/Metan 9266 kg nýframleiðsla úr dekkjakurli 26.100 kg. af dekkjakurli brennt	E5, og tengsl við E10 E5, og tengsl við E10 E5, og tengsl við E10 E5, og tengsl við E10 E7 E7



Áherslur		Markmið N1			Tenging við		
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Tengsl við stefnu Stjórnarráðsins	Tenging við stefnu N1	Heiti markmiðs	Undirmarkmið	Heildarárangur 2019	UFS	
<p>12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA</p>	<p><i>Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð</i></p> <p>12.1 Hrundið verði í framkvæmd tíu ára rammaáætlunum um sjálfbæra neyslu og framleiðslu þar sem öll lönd, með hátekjuríkin í fararbroddi, grípa til aðgerða. Tekið verði tillit til þróunar og getu þróunarlandanna.</p> <p>12.4 Eigi síðar en árið 2020 verði meðferð efna og efnablandna umhverfisvænni á öllum stigum, sem og meðhöndlun úrgangs með slíkum spilliefnum, í samræmi við alþjóðlegar rammaáætlanir sem samþykktar hafa verið. Dregið verði verulega úr losun efna og efnablandna út í andrúmsloftið, vatn og jarðveg í því skyni að lágmarka skaðleg áhrif á heilsu manna og umhverfið.</p> <p>12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr sóun.</p>	Umhverfisstefna	Minnka myndun úrgangs	Draga úr óflokkuðum úrgangi um 2% á ári til ársins 2020	449.276 kg	E7	
					Að 90% sorps frá N1 verði flokkað árið 2030	71,5 % flokkað	E7
				Forvarnir	Vottanir, Exxon Mobil, innri úttektir á starfsleyfisskildum rekstri með það að markmiði	ISO 14001, Michelin vottun, sala á Svansvottuðum vörum	G5
				Ábyrg innkaup	Innkaupareglur	ISO 14001	G5
					Kröfur	Barnasáttmáli	G5
<p>13 AÐGERDIR Í LOFTSLAGSMÁLUM</p>	<p><i>Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra</i></p> <p>13.1 Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara alls staðar í heiminum.</p> <p>13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.</p>	Umhverfisstefna	Loftslagsmarkmið	Áætlun um minni losun	574,5 tCO <sub>2</sub>	E1	
				Kolefnisjöfnun á Umfangi 1	Kolefnisjöfnun bíla og flugs	Kolviður	E1
				Orkumál	Nýtt viðskiptamódel	Kaupin á IOM og Hlöðu	Vísar í E10
				Ný lög IMO 2020	Brennisteinsinnihald max 0,5%	NA	Vísar í E10
				Umhverfisslys	Inside 360 gráður tankamælingakerfi	2 staðir	Vísar í E10
	Upplýsa um árangur	GRI, UFS	UFS	Sjá UFS			



# UFS yfirlitstafla





## Rekstrarþættir

Rekstrarbreytur	Einingar	2019
Heildartekjur	ma. ISK	38,1
Eigið fé	ma. ISK	13,5
Fjöldi stöðugilda	starfsgildi	453
Heildarrými fyrir eigin rekstur	m <sup>2</sup>	-
Heildarrými fyrir eigin rekstur	m <sup>2</sup>	-

Rekstrarbreytur	Einingar	2019
-----------------	----------	------

## Umhverfi

Gróðurhúsalofttegundir	Einingar	2019
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO <sub>2</sub> í	178,2
Umfang 2 (landsnetið)	tCO <sub>2</sub> í	178,2
Umfang 2 (með markaðsaðgerðum)	tCO <sub>2</sub> í	-
Umfang 3	tCO <sub>2</sub> í	276
Kolefnisspor án mótvægisáðgerða	tCO <sub>2</sub> í	574,5



## 12 UFS yfirlitstafla

Samtals mótvægisáðgerðir	tCO <sub>2</sub> i	-
Kolefnisspor með mótvægisáðgerðum	tCO <sub>2</sub> i	574,5

Losunarkræfni	Einingar	2019
Losunarkræfni orku	kgCO <sub>2</sub> i/MWst	40,11
Losunarkræfni starfsmanna	tCO <sub>2</sub> i/stöðugildi	1,27
Losunarkræfni veltu	tCO <sub>2</sub> i/ma. ISK	15,08
Losunarkræfni eiginfjár	tCO <sub>2</sub> i/ma. ISK	42,55
Losunarkræfni á hvern fermetra	kgCO <sub>2</sub> i/m <sup>2</sup>	-
Losunarkræfni á hvern rúmmetra	kgCO <sub>2</sub> i/m <sup>3</sup>	-

E2|UNGC: P7, P8|GRI 305-4 |SDG: 13|SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management

Orkunotkun	Einingar	2019
Orkunotkun í heild	kWst	14.322.226,4
Þar af orka frá lífoldsneyti	kWst	2.921,1
Þar af orka frá jarðefnaeldsneyti	kWst	696.894,3
Þar af orka frá rafmagni	kWst	6.245.492
Þar af orka frá heitu vatni	kWst	7.376.919



## 12 UFS yfirlitstafla

Par af orka frá upphitun	kWst	-
E3 UNGC: P7, P8 GRI 302-1, 302-2 SDG: 12 SASB: General Issue / Energy Management		
<b>Orkukræfni</b>		
Orkukræfni starfsmanna	kWst/stöðugildi	31.616,4
Orkukræfni veltu	kWst/ma. ISK	375.911,4
Orkukræfni á fermetra	kWst/m <sup>2</sup>	-
Orkukræfni á rúmmetra	kWst/m <sup>3</sup>	-
E4 UNGC: P7, P8 GRI 302-3 SDG: 12 SASB: General Issue / Energy Management		
<b>Samsetning orku</b>		
Jarðefnaeldsneyti	%	4,9%
Kjarnorka	%	-
Endurnýjanleg orka	%	95,1%
E5 GRI 302-1 SDG: 7 SASB: General Issue / Energy Management		
<b>Vatnsnotkun</b>		
Samtals vatnsnotkun	m <sup>3</sup>	242.681,5
Kalt vatn	m <sup>3</sup>	115.493,1
Heitt vatn	m <sup>3</sup>	127.188,3



## 12 UFS yfirlitstafla

Endurrunnið vatn (ef við á)	m <sup>3</sup>	-
Endurheimt vatn (ef við á)	m <sup>3</sup>	-
E6 GRI: 303-5 SDG: 6 SASB: General Issue / Water & Wastewater Management		
<b>Umhverfisstarfsemi</b>		
Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	Já
Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?	já/nei	-
Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	já/nei	-
E7 GRI: 103-2 SASB: General Issue / Waste & Hazardous Materials Management		
<b>Loftslagsyfirsýn / stjórn</b>		
Hefur stjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Nei
E8 GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31 SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management TCFD: Governance (Disclosure A)		
<b>Loftslagsyfirsýn / stjórnendur</b>		
Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Nei
E9 GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31 SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management TCFD: Governance (Disclosure B)		
<b>Loftslagsyfirsýn / stjórnendur</b>		
Árleg heildarfjárfesting í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	ma. ISK	-
E10 UNGC: P9 SASB: General Issue / Physical Impacts of Climate Change, Business Model Resilience TCFD: Strategy (Disclosure A)		



12 UFS yfirlitstafla

Meðhöndlun úrgangs		Einingar	2019
Samtals úrgangur		kg	1.576.712,9
Par af flokkaður úrgangur		kg	1.127.436,9
Par af óflokkaður úrgangur		kg	449.276
Endurunnið / endurheimt		kg	1.045.155
Urðun / förgun		kg	531.123,9
Hlutfall flokkaðs úrgangs		%	71,5%
Hlutfall endurunnins úrgangs		%	66,3%
Úrgangskræfni		Einingar	2019
Úrgangskræfni starfsmanna		tonn/stöðugildi	3,5
Úrgangskræfni veltu		tonn/ma. ISK	41,4
Viðskiptaferðir		Einingar	2019
Losun vegna viðskiptaferða		tCO2í	24,9
Flug		tCO2í	24,9
Leigubíll		tCO2í	-



12 UFS yfirlitstafla

Helstu orkugjafar bifreiða	Einingar	2019
Samtals eldsneytisnotkun í lítrum	lítrar	70.853
Metan	lítrar	266
Bensín	lítrar	16.253
Dísilolía	lítrar	54.286
Vetni	lítrar	-
Samtals eldsneytisnotkun í kg	kg	58.526
Metan	kg	193
Bensín	kg	12.190
Dísilolía	kg	46.143
Vetni	kg	-

Mótvægisáðgerðir	Einingar	2019
Mótvægisáðgerðir með skógrækt	tCO2í	0
Mótvægisáðgerðir með endurheimt votlendis	tCO2í	0
Aðrar mótvægisáðgerðir	tCO2í	-



## 12 UFS yfirlitstafla

Samtals mótvægisáðgerðir	tCO2í	-
<hr/>		
<b>Kolefnisgjöld</b>	<b>Einingar</b>	<b>2019</b>
Kolefnisgjald, gas- og dísilolía	ISK/líttra	10,4
Kolefnisgjald, bensín	ISK/líttra	9,1
Kolefnisgjald, eldsneyti	ISK/kg	12,8
Kolefnisgjald, hráolía o.s.frv.	ISK/kg	11,4
Samtals kolefnisgjald (ESR)	ISK	712.476,7
Samtals kolefnisgjald (ETS)	ISK	-

## Félagslegir þættir

<b>Launahlutfall forstjóra</b>	<b>Einingar</b>	<b>2019</b>
Laun og bónusgreiðslur forstjóra (X) sem hlutfall af miðgildi launa starfsmanna í fullu starfi	X:1	-
Eru upplýsingar um fyrrgreint hlutfall lagðar fram í skýrslugjöf til stjórnvalda?	já/nei	Nei

S1|UNGC: P6|GRI 102-38



## 12 UFS yfirlitstafla

Launamunur kynja	Einingar	2019
Miðgildi heildarlauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna	X:1	-
Niðurstaða jafnlaunavottunar	%	1,1%
S2 UNGC: P6 GRI: 405-2   SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion		
Starfsmannavelta	Einingar	2019
Starfsmenn í fullu starfi		
Starfsmannavelta starfsfólks í fullu starfi ár frá ári	%	54,6%
S3 UNGC: P6 GRI: 401-1b SDG: 12 SASB: General Issue / Labor Practices		
Kynjahlutföll	Einingar	2019
Starfsmannafjöldi		
Hlutfall kvenna í fyrirtækinu	%	35%
Konur	fjöldi	-
Karlar	fjöldi	-
Byrjenda- og millistjórnendastöður		
Hlutfall kvenna í byrjendastarfi og næsta starfsþrepi fyrir ofan	%	34%
Konur	fjöldi	-
Karlar	fjöldi	-



## 12 UFS yfirlitstafla

Yfirmenn og stjórnendur		
Hlutfall kvenna í stöðu yfirmanna og stjórnenda	%	33%
Konur	fjöldi	-
Karlar	fjöldi	-
S4 UNGC: P6 GRI: 102-8, 405-1 SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion		
Hlutfall tímabundinna starfskrafta		
Stöðugildi	%	100%
Heildarfjöldi hlutastarfsmanna sem starfa innan fyrirtækisins	%	-
Heildarfjöldi verktaka og/eða ráðgjafa sem starfa fyrir fyrirtækið	%	-
S5 GRI: 102-8 UNGC: P6		
Jafnræði		
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn kynferðislegri áreitni og/eða mismunun á grundvelli kynferðis?	já/nei	Já
S6 UNGC: P6 GRI: 103-2 (see also: GRI 406: Non-Discrimination 2016) SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion		
Tíðni vinnuslysa		
Heildarfjöldi áverka og banaslysa sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna	%	0,02%
S7 GRI: 403-9 SDG: 3 SASB: General Issue / Employee Health & Safety		



## 12 UFS yfirlitstafla

Heilsa og öryggi	Einingar	2019
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt vinnuverndarstefnu og/eða heildrænni heilsu- og öryggisstefnu?	já/nei	Já
Heildarfjarvera frá vinnu sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna	X:1	-
Fjarvera frá vinnu vegna langvarandi veikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna	X:1	-
Fjarvera vegna skammtímvæikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna	X:1	-
S8 GRI: 103-2 (See also: GRI 403: Occupational Health & Safety 2018) SDG: 3 SASB: General Issue / Employee Health & Safety		
Barna- og nauðungarvinna	Einingar	2019
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn barnaprælkun?	já/nei	Já
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn nauðungarvinnu?	já/nei	Já
Ef svarið er já, nær stefnan til starfsemi birgja og framleiðenda?	já/nei	Já
S9 GRI: 103-2 (See also: GRI 408: Child Labor 2016, GRI 409: Forced or Compulsory Labor, and GRI 414: Supplier Social Assessment 2016) UNGC: P4, P5 SDG: 8 SASB: General Issue / Labor Practices		
Mannréttindi	Einingar	2019
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt mannréttindastefnu?	já/nei	Nei
Ef já, nær mannréttindastefnan til birgja og framleiðenda?	já/nei	-
S10 GRI: 103-2 (See also: GRI 412: Human Rights Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016) UNGC: P1, P2 SDG: 4, 10, 16  SASB: General Issue / Human Rights & Community Relations		



## Stjórnarhættir

Fjölbreytni stjórnar	Einingar	2019
Hlutfall kvenkyns stjórnarmeðlima (samanborið við karla)	%	50%
Hlutfall kvenkyns nefndarformanna (samanborið við karla)	%	75%
G1 GRI 405-1 SDG: 10 SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion (See also: SASB Industry Standards)		
Sjálfstæði stjórnar	Einingar	2019
Hefur fyrirtækið lagt bann við að forstjóri gegni starfi stjórnarformanns?	já/nei	Já
Hlutfall óháðra stjórnarmanna	fjöldi	4
G2 GRI: 102-23, 102-22		
Launahvatar	Einingar	2019
Hljóta stjórnendur formlegan hvata til að ná árangri á sviði sjálfbærni?	já/nei	Nei
G3 GRI: 102-35		
Kjarasamningar	Einingar	2019
Hlutfall starfsmanna sem fellur undir almenna kjarasamninga	X:1	0
G4 UNGC: P3 SDG: 8 GRI: 102-41 SASB: General Issue / Labor Practices (See also: SASB Industry Standards)		



## 12 UFS yfirlitstafla

Siðareglur birgja	Einingar	2019
Ber seljendum fyrirtækisins og birgjum þess að fylgja siðareglum?	já/nei	Nei
Ef svarið er já, hversu hátt hlutfall birgja hefur formlega staðfest að þeir fylgi siðareglunum?	%	-
G5 UNGC: P2, P3, P4, P8 GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 308: Supplier Environmental Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016 SDG: 12 SASB General Issue / Supply Chain Management (See also: SASB Industry Standards)		
Siðferði og spilling	Einingar	2019
Framfylgir fyrirtækið siðareglum og/eða stefnu gegn spillingu og mútum?	já/nei	Já
Ef já, hvaða hlutfall starfsmanna hefur formlega staðfest að það fylgi stefnunni?	%	-
G6 UNGC: P10 SDG: 16 GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 205: Anti-Corruption 2016)		
Persónuvernd	Einingar	2019
Framfylgir fyrirtækið persónuverndarstefnu?	já/nei	Já
Hefur fyrirtækið hafist handa við að framfylgja lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga?	já/nei	Já
G7 GRI: 418 Customer Privacy 2016 SASB: General Issue / Customer Privacy, Data Security (See also: SASB Industry Standards)		
ESG skýrslugjöf	Einingar	2019
Birtir fyrirtækið sjálfbæriskýrslu?	já/nei	Já
Inniheldur skýrslugjöf fyrirtækisins til stjórnvalda gögn um sjálfbærni?	já/nei	-
G8 UNGC: P8		



## 12 UFS yfirlitstafla

Aðferðir við upplýsingagjöf	Einingar	2019
Veitir fyrirtækið upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila?	já/nei	Nei
Hefur fyrirtækið einblínt á einhver tiltekin sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna (SDGs)?	já/nei	Já
Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða Sp?	já/nei	Já

G9|UNGC: P8

Endurskoðun/vottun þriðja aðila	Einingar	2019
Er upplýsingagjöf um sjálfbærni tryggð eða staðfest af þriðja aðila?	já/nei	Nei

G10|UNGC: P8|GRI: 102-56



# Hugtakanotkun





### Sjálfbær þróun

Þróun sem mætir þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum.

### Samfélagsábyrgð (CSR)

Fyrirtæki, stofnanir og skipulagsheildir axli ábyrgð og hafi uppbyggileg áhrif á umhverfið, stjórnarhætti og samfélagið.

### Samfélagsábyrgð fjárfesta – ESG

Umhverfispættir, félagslegir þættir og stjórnunarþættir (e. Environment, Social & Governance).

### Ábyrg fjárfesting / RI & SRI

Ábyrgar fjárfestingar innifela fjárfestingar sem eiga það sameiginlegt að innleiða ófjárhagslega þætti inn í fjárfestingaákvörðanir til betri áhættustýringar og til að stuðla að sjálfbærum langtíma árangri/arðsemi (e. return).


Alþjóðlegu staðlasamtökin orða það svo í sinni skilgreiningu, að samfélagsábyrgð sé öxluð með gegnsærri og siðferðilegri háttsemi, sem:

- › Stuðlar að sjálfbærri þróun, þar með talið heilsufari og velferð samfélagsins.
- › Tekur mið af væntingum hagsmunaaðila.
- › Fylgir gildandi lögum og samræmist alþjóðlega viðtekinni háttsemi.
- › Hefur verið innleidd innan félagsins og viðhöfð í öllum samskiptum þess.



## 14 Tímalína

Í þessari tímalínu má glögglega sjá sögu N1 sem í eina öld hefur verið samtvinnuð viðburðaríkri samgöngu-, atvinnu og samfélagssögu Íslendinga á sjó og landi.





Olúfélagið stendur að stofnun  
Olúdreifingar  
Fyrsta Safnkortið kynnt

1998

Samkomulag við Metan hf um  
samstarf á framleiðslu og sölu á  
metangasi fyrir bifreiðar

2000

Olúfélagið stofnar EGO

2007

Opnuð sala á metan með 10 km  
leiðslu “beint frá bónda” í Álfsnesi

1995

Glæsileg þjónustustöð opnuð á  
Ártúnshöfða og Nýtt Nesti kynnt  
til sögunnar

1999


Afgreiða fyrst olúfélaga Metan á  
bensinstöð Bíldshöfða 2

2004

N1 stofnað við sameiningu  
Olúfélagsins, Bílanausts og  
nokkurra hjólbarðaverkstæða

2008







Sex nýjar hlöður fyrir rafbíla  
opnaðar í samvinnu við ON á  
þjónustusvæðum N1 víðsvegar um  
landið

Undirritaður kaupsamningur  
vegna kaupa N1 hf. á öllu hlutafé í  
Festi hf.

Undirritaður samningur við Kolvið  
um kolefnisjöfnun á öllu flugi á  
vegum N1 og notkun eigin bíla  
Smur- og hjólbarðaverkstæði N1  
að Réttarhvammi á Akureyri fékk  
Michelin vottun

Framúrskarandi fyrirtæki 2016,  
viðurkenning frá Creditinfo

2017

2018

Hætta sölu á Marine Diesel Oil

Móðurfélagið Festi kaupir 15% í Íslenskri  
orkumiðlun

Kaupir alla hluti í Hlöðu

Gerir samning við Hagvang um innleiðingu  
Síðferðisgáttarinnar.

N1 skilgreindur sem orkusali samsteypunnar

Ný fjölorkustöð opnuð í Skógarlind, þar er gert ráð  
fyrir rafhleðslustöðum sem verða tekin í notkun á  
árinu 2020

Hægt að sækja vörur frá ELKO á völdum N1  
stöðvum, aukin þjónusta við viðskiptavinum

Hætt með skráfpoka til viðskiptavina

2019